

**Ed.**

### **543. Frumvarp til laga**

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

#### 1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómanna­laganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan sammingsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

#### 2. gr.

Fyrirfram gefið afsal skipshafnar eða einstakra skipverja á sjóveðrétti skal vera ógilt.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á Alþingi 1932. Var því vísað til sjávarútvegsnefndar neðri deildar, en nefndaralit kom ekki. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

#### „Um 1. gr.

Samkvæmt 238. gr. siglingalaganna nær sjóveðréttur skipstjóra og skipverja ekki til vátryggingarfjár skips og farmgjalds. Farist skip eða sé dæmt óbætandi, falla forréttindi þeirra niður, enda þótt fullt verð komi fyrir skipið frá vátryggingarsala, og eiga þeir þá á hættu að glata kröfu sinni að öllu sökum annara skulda skipseiganda. Af þessu leiðir og það, að sé kaup skipshafnar ekki greitt á réttum gjalddaga, er henni nauðugur einn kostur að stöðva skipið þegar í stað, til þess að eiga ekki á hættu, að réttur hennar falli niður hótalaust. Úr þessum göllum er 1. gr. ætlað að bæta.

#### Um 2. gr.

Samkvæmt siglingalögnum mun vera óvíst, hvort fyrirfram gefið afsal skipverja á sjóveðrétti gagnvart skipseiganda eða öðrum sé gilt að lögum. Greininni er ætlað að taka af allan vafa í því efni.“